

Lánasjóður sveitarfélaga

Árshlutareikningur 30. júní 2007

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sjóðstreymi	7
Skýringar og sundurliðanir	8 - 12

Lánasjóður sveitarfélaga
Kennitala: 710169-4979
Borgartún 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Í árslok 2006 voru samþykkt á Alþingi ný lög um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Lögin gera ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um rekstur lánasjóðsins sem taki við rekstri hans að fengnu starfleyfi hjá Fjármálaeftirlitinu. Hlutafélagið hefur verið stofnað og hefur það sótt um starfsleyfi sem lánafyrirtæki með sömu starfsheimildir og lánasjóðurinn hefur. Starfsleyfið lá ekki fyrir á uppgjörsdegi og hefur yfirtaka hlutafélagsins á rekstri lánasjóðsins því ekki farið fram. Hlutafélagið mun leggja fram ársreikning 2007 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Lánveitingar og lántökur

Samþykktar lánveitingar á tímabilinu voru 3.720 m.kr. miðað við 7.247 m.kr. á sama tímabili árið áður og námu útborguð langtímalán 1.489 m.kr. miðað við 3.034 m.kr. á sama tímabili árið áður. Vegna hárra verðtryggðra vaxta og styrkrar stöðu krónunnar hafa sumir lántakendur frestað verð- og gengistryggðum lántökum til lengri tíma og fjármagnað sig þess í stað til skemmri tíma. Lánasjóðurinn hefur því, auk áðurnefndra langtímalána, greitt út samtals 3.735 m.kr. sem eru lán til skemmri tíma með breytilegum vöxtum.

Vanskil í lok tímabilsins voru óveruleg. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn hefur veð í tekjum sveitarfélaga sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka og ábyrgðum sem þau veita. Ekki þurfti að grípa til veðs í tekjum á tímabilinu.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir eru breytilegir og voru hækkaðir 1. febrúar 2007 úr 4,4% í 4,95% í samræmi við þróun á markaði. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu vaxtaálagi til að standa undir rekstrarkostnaði. Lánasjóðurinn er því ekki með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum.

Til að afla fjár til endurlána fór fram skuldabréfaútböð á tímabilinu að fjárhæð 5.000 m.kr. Skuldabréfin verða skráð í Kauphöll Íslands. Ennfremur var tekið erlent lán að fjárhæð 10 m.EUR.

Afkoma og efnahagur

Afkoma sjóðsins var ágæt á tímabilinu. Hagnaður nam 609 m.kr. á móti 717 m.kr. fyrir samsvarandi tímabil á fyrra ári. Með auknum umsvifum jókst rekstrarkostnaður sjóðsins nokkuð, en töluverður kostnaður varð á tímabilinu vegna undirbúnings að stofnun hlutafélags um reksturinn. Lánasjóðurinn hefur einn fastan starfsmann en hefur að öðru leyti samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um skrifstofuhald. Hefur samstarfið reynst honum hagkvæmt.

Efnahagur sjóðsins er traustur. Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok tímabilsins nam 39 ma.kr. á móti 34 ma.kr. um síðastliðin áramót. Mestu munar um aukningu útistandandi lána um 11,5%. Eigið fé nam í árslok 9.468 m.kr. á móti 8.859 m.kr. í árslok 2006. Hið vegna eiginfjárhlutfall, CAD, var 112,6% í lok tímabilsins útreiknað samkvæmt reglum um eigið fé fjármálafyrirtækja en þarf að vera 8% að lágmarki.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2007

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Anna Skúladóttir

Jónmundur Guðmarsson

Kristinn Jónasson

Svanfríður Inga Jónasdóttir

Þorsteinn Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri niðurstöðu sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Niðurstaða

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 28. ágúst 2007

PricewaterhouseCoopers hf.

Sigurður B. Arnþórsson

Sigrún Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

	Skýr.	Árshlutauppgjör 30. júní	
		2007	2006
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		93.965.629	49.457.890
Vaxtatekjur af útlánum		1.362.768.769	1.627.807.075
Vaxtatekjur af veltufjáreign		18.982.189	1.710.800
		<u>1.475.716.587</u>	<u>1.678.975.765</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af lántöku	2	894.507.789	977.086.053
Önnur vaxtagjöld		83.945	0
		<u>894.591.734</u>	<u>977.086.053</u>
Hreinar vaxtatekjur		<u>581.124.853</u>	<u>701.889.712</u>
Aðrar rekstrartekjur			
Gengishagnaður	3	58.537.175	37.965.061
Hreinar rekstrartekjur		<u>639.662.028</u>	<u>739.854.773</u>
Almennur rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	4	10.030.322	8.915.255
Annar rekstrarkostnaður		19.814.673	13.057.187
Afskriftir rekstrarfjármuna	9	597.814	597.814
		<u>30.442.809</u>	<u>22.570.256</u>
Hagnaður tímabilsins		<u><u>609.219.219</u></u>	<u><u>717.284.517</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2007

Eignir	Skýr.	30.06 2007	31.12 2006
Kröfur á lánastofnanir			
Kröfur á lánastofnanir	5	2.336.880.897	1.028.782.960
Útlán			
Útlán	6,7	35.317.006.796	31.691.855.064
Veltufjáreign			
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		423.228.847	431.487.700
Verðbréf með breytilegum tekjum		805.011.247	757.511.002
		<u>1.228.240.094</u>	<u>1.188.998.702</u>
Rekstrarfjármunir			
Fasteign	8	55.596.677	56.194.491
Aðrar eignir			
Aðrar eignir		2.020.014	791.242
Eignir samtals		<u><u>38.939.744.478</u></u>	<u><u>33.966.622.459</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2007

Skuldir og eigið fé	Skýr.	30.06 2007	31.12 2006
Lántaka	10		
Verðbréfaútgáfa		18.169.246.882	13.732.494.090
Lán frá lánastofnunum		8.253.082.299	8.330.762.731
		<u>26.422.329.181</u>	<u>22.063.256.821</u>
Aðrar skuldir			
Skuldir við sveitarfélög	11	3.000.000.000	3.000.000.000
Aðrar skuldir		6.738.983	1.102.453
		<u>3.006.738.983</u>	<u>3.001.102.453</u>
Reiknaðar skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	12	42.535.598	43.341.688
Skuldir samtals		<u>29.471.603.762</u>	<u>25.107.700.962</u>
Eigið fé	13		
Óráðstafað eigið fé		9.468.140.716	8.858.921.497
Skuldir og eigið fé samtals		<u>38.939.744.478</u>	<u>33.966.622.459</u>

Sjóðstreymi fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

	Árshlutauppgjör 30. júní	
	2007	2006
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	609.219.219	717.284.517
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	597.814	597.814
Verðbætur og gengismunur	(177.504.361)	(317.987.037)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(806.090)	(570.912)
Aðrar eignir, lækkun (hækkun)	(1.228.772)	(464.144)
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)	5.636.530	(1.686.441)
Handbært fé frá rekstri	435.914.340	397.173.797
 Fjárfestingarhreyfingar		
Kröfur á lánastofnanir, breyting	(1.346.144.600)	592.684.779
Útlán, breyting	(3.919.828.166)	(3.343.126.041)
Verðbréf, breyting	(8.723.782)	(1.352.176.757)
	(5.274.696.548)	(4.102.618.019)
 Fjármögnunarhreyfingar		
Lántaka, breytingar	4.813.788.545	3.801.713.317
 Lækkun á handbæru fé	(24.993.663)	96.269.095
Handbært fé í ársbyrjun	84.443.917	386.582.482
Handbært fé í lok tímabilsins	59.450.254	482.851.577

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaáðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

1.2 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á lánastofnanir og útlánunum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir og lántökum.

1.3 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok júní 2007. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun júlí 2007. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

1.4 Útlán

Útlán eru færð þegar þau eru veitt lántakendum. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok júní 2007 samkvæmt aðferð um virka vexti. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun júlí 2007 og gengistryggð útlán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok júní 2007.

Samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 er honum eingöngu heimilt að lána sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir því að lánasjóðurinn veiti lán til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

Þá er sveitarfélögum heimilt skv. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að setja tekjur sínar að veði sem tryggingu fyrir lánunum sem það tekur eða fyrir ábyrgðum sem það veitir lánasjóðnum, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 123/2006. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs sem tryggingar fyrir lánunum.

1.5 Lántaka

Lántökur sjóðsins eru upphaflega færðar á gangvirði að fráðregnum viðeigandi viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega færslu eru lánin færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu verði lánsins.

1.6 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármunanna.

1.7 Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Skuldbinding lánasjóðsins er uppfærð í árslok í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings.

1.8 Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Skýringar

2. Vaxtagjöld

	1/1 - 30/6 2007	1/1 - 30/6 2006
Vaxtagjöld af lántöku greinast þannig:		
Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu	696.357.825	842.911.368
Vaxtagjöld af lánum frá lánastofnunum	198.149.964	134.174.685
	<u>894.507.789</u>	<u>977.086.053</u>

3. Gengishagnaður

Gengishagnaður sundurliðast þannig:

Gengishagnaður af veltufjáreign	43.534.380	30.831.653
Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum	15.002.795	7.133.408
	<u>58.537.175</u>	<u>37.965.061</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Í lok júní 2007 er framkvæmdastjóri eini starfsmaður Lánasjóðs sveitarfélaga. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustubáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar.

	1/1 - 30/6 2007	1/1 - 30/6 2006
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	8.453.131	7.718.934
Launatengd gjöld	1.577.191	1.196.321
	<u>10.030.322</u>	<u>8.915.255</u>

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:

Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri	<u>6.769.444</u>
Stjórnarmenn:	
Magnús B Jónsson, stjórnarformaður	420.924
Svanfríður Inga Jónasdóttir	280.614
Kristinn Jónasson	280.614
Jónmundur Guðmarsson	280.614
Anna Skúladóttir	280.614
Páley Borgþórsdóttir	46.769
Sigurður Jóhannsson	93.538
	<u>1.683.687</u>

5. Kröfur á lánastofnanir

	30/6 2007	31/12 2006
Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:		
Gjaldkræfar kröfur	59.450.254	84.443.917
Allt að 3 mánuðir	2.277.430.643	944.339.043
	<u>2.336.880.897</u>	<u>1.028.782.960</u>

Skýringar

6. Útlán	30/6 2007	31/12 2006
Útlán greinast þannig:		
Gengistryggð útlán	8.936.537.730	7.184.082.331
Verðtryggð útlán	24.626.084.036	24.507.772.733
Óverðtryggð útlán	1.754.385.030	0
	<u>35.317.006.796</u>	<u>31.691.855.064</u>

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:		
Gjaldkræfar kröfur	22.167.741	0
Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	1.033.965.851	1.103.248.594
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	6.164.738.891	2.150.958.062
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 árum	13.309.622.832	13.560.503.620
Til greiðslu eftir 5 ár	14.786.511.479	14.877.144.788
	<u>35.317.006.796</u>	<u>31.691.855.064</u>

7. Vanskil

Vanskil greinast þannig:

Gjaldfallnar afborganir	0	0
Gjaldfallnir vextir	22.167.741	0
	<u>22.167.741</u>	<u>0</u>

8. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	
	30/6 2007	31/12 2006
Stofnverð 1.1.	59.781.371	59.781.371
Viðbót tímabilsins	0	0
Stofnverð 30.06.	<u>59.781.371</u>	<u>59.781.371</u>
Afskrifað áður	3.586.880	2.391.253
Afskrifað á tímabilinu	597.814	1.195.627
Samtals afskrifað 30.06.	<u>4.184.694</u>	<u>3.586.880</u>
Bókfært verð 30.06.	55.596.677	56.194.491
Afskriftarhlutfall	2%	2%

Fasteignamat húseignar 31.12.2006 nam 45,2 m.kr. Brunabótamat húseignar 31.12.2006 nam 49,3 m.kr.

9. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 25.049 m.kr. 30. júní 2007 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 15.061 m.kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 9.162 m.kr. 30. júní 2007 og heildarskuldir í erlendum gjaldmiðlum námu á sama tíma 9.160 m.kr.

Skýringar

10. Lántaka	30/6 2007	31/12 2006
Lántaka greinist þannig eftir eftirstöðvartíma:		
Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	354.705.788	80.380.938
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	6.075.653.923	537.363.794
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 árum	10.947.513.167	10.667.387.711
Til greiðslu eftir 5 ár	9.044.456.302	10.778.124.378
	<u>26.422.329.181</u>	<u>22.063.256.821</u>

11. Skuld við sveitarfélög

Samkvæmt ákvæði til bráðbirgða I. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga var samþykkt á ársfundi Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 að eigið fé lánasjóðsins yrði fært niður um 3 milljarða kr. enda uppfyllir sjóðurinn þrátt fyrir lækkunina skilyrði laga um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja og hefur nægilegt handbært fé til að standa við skuldbindingar sínar. Ráðstöfun þessi á eigin fé lánasjóðsins til sveitarfélaganna mun koma til greiðslu á árunum 2007 til 2010.

12. Skuldbindingar

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni er gerð einu sinni á ári. Ekki hefur verið gerður útreikningur á lífeyrisskuldbindingu fyrir fyrstu sex mánuði ársins.

Lífeyrisskuldbinding greinast þannig:	30/6 2007	31/12 2006
Frá fyrra ári	43.341.688	36.185.000
Greiddur lífeyrir á tímabilinu	(806.090)	(1.439.933)
Hækkun skuldbindinga	0	8.596.621
	<u>42.535.598</u>	<u>43.341.688</u>

13. Eigið fé

	30/6 2007
Eigið fé í ársbyrjun	8.858.921.497
Hagnaður tímabilsins	609.219.219
	<u>9.468.140.716</u>

Eigið fé 30. júní 2007 nemur 9.468 m.kr. eða 24,3% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall) sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84.gr. laga um fjármálafyrirtæki er 112,6% en hlutfallið má ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig (í þús. kr.):	Bókfærð staða		Vegin staða	
		30/6 2007	31/12 2006	
Áhættugrunnur:				
Bókfærðar eignir:	38.939.744	8.409.272	7.374.848	
Áhættugrunnur samtals.....	<u>38.939.744</u>	<u>8.409.272</u>	<u>7.374.848</u>	
Eigið fé:				
Bókfært eigið fé		9.468.141	8.858.921	
Eigið fé samtals		<u>9.468.141</u>	<u>8.858.921</u>	
Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall)		112,6%	120,1%	

Skýringar

14. Skattamál

Samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er Lánasjóður sveitarfélaga undanþeginn greiðslu tekjuskatts.

Samkvæmt lögum nr. 94/1996 um fjármagnstekjuskatt er Lánasjóður sveitarfélaga undanþeginn slíkum skatti.

Samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 eru skuldabréf sem lánasjóðurinn tekur og veitir undanþeginn stimpilgjöldum.